

8. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund þriðjudaginn 8. apríl kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Ríkharður Hrafnkelsson, María Valdimarsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Kristín Rut Helgadóttir, Dallilja Inga Steinarsdóttir, Vignir Sveinsson.

Ríkharður setti fund kl. 17:05 og bauð alla velkomna.

1. Yfirlit forstöðumanna um starfið.

Íþróttamiðstöð.

Farið að hægjast á öllu. Sunddeild Skallagríms vill koma í æfingabúðir í byrjun maí.

Búið að ákveða að kaupa nýjar körfur. Búið að leita eftir tilboði hjá Skipavík varðandi uppsetningu. Stefnt að því að setja körfurnar upp í júní.

Tveir frá Íþróttamiðstöð eru ásamt skólanum í eineltisverkefni sem heitir Olweus.

X-ið.

Alltaf fullt hús og nóg að gera. Þær fara annaðkvöld á Samfés-fund.

Einar Gunnarsson, stærðfræðikennari og Andrés M. Heiðarsson, kennari ætla að vera með 9., 10. bekk og framhaldsdeild á videókvöldi á miðvikudag og 8. bekkur er með X-ið á fimmtudag. Lokað föstudagskvöld.

Samfésballið gekk mjög vel.

2. Skipulag á rekstri og nýtingu íþróttavallar.

Skipulagsplagg yfir rekstur íþróttavallar samþykkt.

Vignir og Inga Dalla yfirgáfu fund fyrir 3. lið kl. 17:45.

3. Starfsmaður í heilsársstarf til að sinna æskulýðsmálum.

Ýmsar umræður um hlutverk starfsmanns. Stefnt að frekari umræðum á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 18:15.

María Valdimarsdóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Kristín Rut Helgadóttir (sign.),
Ríkharður Hrafnkelsson (sign.).

Íhs.